



Fundargerð

407. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 8. júní 2017

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt samhljóða að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 406. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 11. maí 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 29. maí 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1705013 - Tröllendi 1 236-3833, byggingaleyfi fyrir starfsmannahús.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.2 1705018 - Brekka 3 236-2118, umsókn um byggingaleyfi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 31. maí 2017

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 1701005 - Samþykkt um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi og gjaldskrá, breyting.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á h lið 2. greinar og verður hún svohljóðandi.

Hunda í dreifbýli skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund. Að öðru leyti sætir hundahald í dreifbýli að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Hundaeigendum í dreifbýli er skylt að láta hreinsa hunda sína, á eigin kostnað, einu sinni á ári. Hundaeiganda er

skýlt að geta staðfest hvenær sem er, að hundur hans hafi verið hreinsaður á s.l. 12 mánuðum. Eigandi er ábyrgur fyrir hverju tjóni sem hundur hans kann að valda.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá Reykhólahrepps varðandi hunda- og kattahald.

Skráningargjald eins hunds í þéttbýli: kr. 11.000,-

Skráning eins hunds í dreifbýli: kr. 5.500,-

Árlegt leyfisgjald vegna eins hunds í þéttbýli : kr. 11.000,-

Ofangreint er samþykkt samhljóða

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Mennta- og menningarmálanefnd 8. júní 2017.

Formaður nefnarinnar fór yfir fundargerðina.

4.1 1706008 – Ráðning í starf skólastjóra Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu mennta- og menningarmálanefndar að ráða Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóra Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.

4.2 1704003 – Kennslutímar skólaárið 2017-2018.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

4.3 1706009 – Skóladagatal skólaárið 2017-2018.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1706002 - Kjör oddvita til eins árs skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.

Vilberg Þráinsson kjörinn oddviti Reykhólahrepps til eins árs. Samþykkt samhljóða.

2. 1706003 - Kjör varaoddvita til eins árs skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Reykhólahrepps 685/2013 með síðari breytingu 941/2014.

Karl Kristjánsson kjörinn varaoddviti Reykhólahrepps til eins árs. Samþykkt samhljóða.

3. **1706004 - Sumarfrí nefnda og sveitarstjóra, lokun skrifstofu og frestun fundar í ágúst.**
Erindi frá sveitarstjóra dagsett 2. júní 2017.

Sveitarstjórn samþykkir sumarfrí nefnda í júlí og frestun lögboðins fundar í ágúst frá 10. ágúst til 24. ágúst 2017. Samþykkt samhljóða. Einnig samþykkir sveitarstjórn sumarlokun skrifstofunnar frá 24. júlí til 7. ágúst að báðum dögum meðtöldum.

4. **1706005 - 30 ára afmæli Reykhólahepps 4. júlí 2017, afmælisstjórn.**

Sveitarstjórn samþykkir að halda upp á 30 ára afmæli sveitarfélagsins þann 4. júlí 2017. Afmælisstjórn skipa ÁBG og SRB. Samþykkt samhljóða.

5. **1701016 - Um hleðslustöðvar fyrir rafbíla.**

Erindi frá Mariu Maack dagsett 19. maí 2017, þar sem fram kemur tillaga að valkosti þjónustuaðila.

Sveitarstjórn óskar eftir kostnaðaráætlun varðandi verkefnið. Samþykkt samhljóða.

6. **1706006 - Tillaga til sveitarstjórnar um verkefnið „Græn skref í sveitarfélaginu mínu“.**

Erindi frá verkefnastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 1. júní 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu „Græn skref í sveitarfélaginu mínu“. Samþykkt samhljóða.

7. **1703011 - Mál frá Alþingi.**

- 7.1 Frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál.
- 7.2 Frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál.
- 7.3 Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.
- 7.4 Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararéttindi), 289. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um ofangreind mál.

Mál til kynningar

8. **1704009 - Vestfjarðarvegur 60, kynning framkvæmdar.**

Erindi frá Lögmonnum Höfðabakka dagsett 29. maí 2017, sent Reykhólahreppi sem landeiganda að Þórisstöðum landnr. 233695.

Erindið lagt fram og kynnt.

9. **1704012 - Viljayfirlýsing Reykhólahrepps vegna hafnarinnar í Flatey.**

Ósk Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um umsögn Vegagerðarinnar um málefnið. Erindi dagsett 23. maí 2017.

Lagt fram til kynningar.

10. **1706007 - Greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um hugmyndir að smávirkjunum.**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 19. maí 2017.

Lagt fram og kynnt.

11. 1702011 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. maí 2017.

Fundargerð lögð fram.

12. 1703014 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða 12. maí 2017 og starfsskýrsla ársins 2016.

Fundargerð lögð fram og starfsskýrsla.

13. 1703018 - Fundargerð 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

14. 1702012 – Ósk um áframhaldandi niðurgreiðslu dagvistar hjá dagforeldri utan lögheimilissveitarfélags.
Erindi frá Margréti Björnsdóttur dagsett 8. júní 2017.

Samþykkt að veita áframhaldandi niðurgreiðslu til 17. júlí 2017, kr. 55.000 á mánuði miðað við 8+ tíma í dagvist. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:45
